

72  
5. júní

## L Ö G

### um innkaupastofnun ríkisins.

#### HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn innkaupastofnun, sem hefur það hlutverk að annast innkaup vegna ríkisstofnana og sérstakra framkvæmda ríkisins.

2. gr.

Ríkisstjórnin ræður forstöðumann stofnunarinnar og ákveður með reglugerð starfssvið hennar.

3. gr.

Ríkissjóður leggur stofnuninni til nauðsynlegt starfsfé, og er ríkisstjórninni heimilt að taka eða ábyrgjast lán í því skyni.

4. gr.

Innkaupastofnunin skal selja ríkisstofnunum vörur þær, sem hún annast innkaup á, við kostnaðarverði, að viðbættum ómakslaunum, sem svarar kostnaði við rekstur stofnunarinnar.

5. gr.

Skylt er öllum ríkisstofnunum, sem reknar eru fyrir reikning ríkissjóðs, svo og þeim, sem hafa með höndum stjórn sérstakra framkvæmda, sem kostaðar eru af ríkissjóði, að fela innkaupastofnuninni innkaup þeirra nauðsynja, sem falla undir starfssvið hennar, nema ráðherra heimili annað. — Ákvæði þessi taka þó ekki til þeirra innkaupa, sem einkasölum ríkisins eru falin samkvæmt lögum þar um.

6. gr.

Reikningar innkaupastofnunarinnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum ríkisreikninganna og birtir með þeim.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.  
(L. S.)

Jón Ásbjörnsson.

*Emil Jónsson.*